

LESSKILNINGUR Á LEIKSKÓLAALDRI

Þegar við lesum markvisst fyrir ung börn fáum við dýrmætt tækifæri til að kveikja á forvitni þeirra gagnvart bókum og efla lesskilning þeirra. Lestur fyrir ung börn styrkir orðaforða þeirra og stuðlar að tjáningu og samræðum.

ÁÐUR EN VIÐ LESUM ...

Hvað segir kápan okkur um söguna?

Hvað haldið þið að gerist í sögunni?

Hvað minnir nafnið á sögunni ykkur á?

Hvað mynduð þið vilja spyrja höfundinn að?

Hvað haldið þið að við getum lært af þessari sögu?

Á MEÐAN VIÐ LESUM ...

Hvað er að gerast í sögunni?

Hvað eru persónurnar að gera?

Ef þú værir í sögunni, hvað værir þú að gera?

Minnir þessi saga þig á einhverja aðra sögu sem þú hefur heyrt?

Hvað heldur þú að gerist næst?

EFTIR AÐ VIÐ LESUM ...

Hvað lærðir þú af sögunni?

Hvaða persóna myndir þú vilja vera?

Kom eitthvað á óvart í sögunni?

Myndirðu vilja breyta endinum í sögunni?

Hvernig leið þér þegar þú hlustaðir á söguna?

**REGLULEGAR SÖGUSTUNDIR LEGGJA GRUNN
AÐ JÁKVÆÐU VIÐHORFI TIL BÓKA OG LESTRAR TIL FRAMTÍÐAR.**

LESSKILNINGUR Á LEIKSKÓLAALDRI

ÁÐUR EN VIÐ LESUM - LEIÐBEININGAR

Þessar spurningar má nota áður en sagan hefst til að virkja forvitni barnanna, fá þau til að hugsa og tengja efnið við eigið líf. Spurningarnar styrkja lesskilning og dýpka upplifunina af bókinni.

“Hvað segir kápan okkur um söguna?”



Hjálpar barninu að spá út frá myndum og þjálfar ímyndunaraflíð.

„Hvað haldið þið að gerist í sögunni?“



Hvetur börn til að setja fram tilgátur og hugsa fram í tímann.

„Hvað minnir nafnið á sögunni ykkur á?“



Hjálpar börnum að tengja titilinn við fyrri reynslu, bækur eða atburði.

„Hvað haldið þið að við getum lærum af þessari sögu?“



Stuðlar að gagnrýninni hugsun og dregur fram mögulegan boðskap.

„Ef þið gætuð spurt höfundinn að einu – hvað myndið þið spyrja?“



Eflir forvitni og eykur áhuga á því hvernig sögur verða til.

LESSKILNINGUR Á LEIKSKÓLAALDRI

Á MEÐAN VIÐ LESUM - LEIÐBEININGAR

Þessar spurningar má nota til að halda barninu virku í sögunni, styrkja lesskilning og þjálfar ímyndunarafli og tilfinningaskilning.

Ekki þarf að spyrja allra í einni lotu.

Leyfðu barninu að leiða samtalið og spurðu spurninga þegar þær passa inn.

„Hvað er að gerast í sögunni?“



Hjálpar barninu að fylgjast með atburðarásinni og setja í orð það sem það heyrir og sér.

„Hvað eru persónurnar að gera?“



Stuðlar að athygli og skilningi á hegðun og ákvörðunum persónanna.

„Ef þú værir í sögunni,
hvað værir þú að gera?“



Örvar ímyndunarafli og eykur tengingu barnsins við söguna.

„Minnir þessi saga þig á einhverja
aðra sögu sem þú hefur heyrt?“



Þjálfar tengslamyndun og minnir barnið á fyrri reynslu, sem styrkir minni og skilning.

„Hvað heldur þú að gerist næst?“



Hvetur barn til að spá fyrir um framhaldið og hugsar gagnrýnið um þróun sögunnar.

LESKILNINGUR Á LEIKSKÓLAALDRI

EFTIR AÐ VIÐ LESUM - LEIÐBEININGAR

Þegar sagan er búin getur verið dýrmætt að ræða hana með barninu eða hópnum. Með því að spyrja opnar spurningar fáum við innsýn í hugsanir og tilfinningar barnanna, og hjálpum þeim að vinna með efni sögunnar.

„Hvað lærðum við af sögunni?“



Hjálpar barninu að setja í orð boðskap sögunnar og dregur fram hugsun um gildi, hegðun og lausnir.

„Hvaða persóna myndir þú vilja vera?“



Örvar ímyndunarafl og gefur innsýn í þeirra eigin styrkleika eða áhugamál.

„Kom eitthvað á óvart í sögunni?“



Hvetur til ígrundunar og eflir gagnrýna hugsun – börn læra að í sögum getur allt gerst!

„Myndirðu vilja breyta endinum í sögunni?“



Kallar á sköpun og hvetur börn til að hugsa sjálfstætt um aðrar mögulegar lausnir og framvindu.

„Hvernig leið þér þegar þú heyrðir söguna?“



Hjálpar barninu að tengja eigin tilfinningar við söguna og þjálfar það í að setja orð á upplifun sína.